



SKÝRSLA STJÓRNAR 2024

KÆRLEIKSSAMTÖKIN fta
almannaheillafélag

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	2
Breytingar á lögum félagsins	2
Rekstraryfirlit	8
Fjáröflun og styrkir	9
Framtíðarsýn - þrepaskipt áfangheimili	10
Niðurlag	10

INNGANGUR

Árið 2023 var sérstakt að því leyti að starfsemin dróst saman miðað við fimm árin á undan. Var það bæði vegna veikinda formanns en einnig vegna ágreinings sem kom upp er leið á árið. Tók það nokkurn tíma að átta sig á ósætti og neikvæðni hjá aðilum innan félagsins og stjórnarinnar, skilgreina vandann og takast á við hann. Hafði það m.a. í för með sér að skerpt var á lögum félagsins þegar í ljós kom að mismunandi skilningur á starfseminni var liður í þessum ágreiningi.

Fjölmarginir þættir voru þó framkvæmdir.

Má nefna að leitað var til og rætt var við allmarga einstakling til þess að koma að söfnun, uppbyggingu félagsheimilis sem og að fá önnur félög til þess að vera með sín úrræði inni á félagsheimilis Kærleikssamtakanna. Samstarf við önnur félagasamtök hefur verið stór hluti af sýn Kærleikssamtakanna og hafa þau gert allmargar tilraunir til þess að ræða við og fá önnur félög til samstarfs, allt frá árinu 2008, en því miður með litlum árangri.

Fyrsta styrktarsöluvaran var keypt á árinu, penni með lógói félagsins og stóð til að vera með söluáttak í lok ársins. Einnig stóð til að undirbúa betur söfnunaráttak hjá fyrirtækjum og var unnin heilmikil vinna því tengdu þó ekki næðist að hrinda áttakinu af stað. Til stóð að halda söfnunartónleika í nóvember þar sem starf samtakanna væri kynnt betur fyrir almenningi og hversu mikils virði það væri fyrir þjóðfélagið í heild að ná að koma á laggirnar þrepaskipta áfangahemili.

Allar viðbætur, fyrir utan að reka félagið daglega, kalla á vinnu og fleiri einstaklinga til að sinna nauðsynlegum þáttum í hverju verkefni fyrir sig. Hefur vöntun á fólki verið stór liður í því að ekki náðist að halda í þá áætlun sem ákveðin var í upphafi ársins. Nánari umfjöllun um þessa liði í að finna í þessari skýrslu.

Formaður Sigurlaug Guðný Ingólfssdóttir

BREYTINGAR Á LÖGUM FÉLAGSINS

Í október 2023 var haldinn auka-aðalfundur til þess að gera breytingar á lögum félagsins og til þess að skerpa á nokkrum skilgreiningum á starfseminni.

Orðalagi í 2.gr. *Tilgangur og markmið félagsins* var breytt til þess að skerpa á skilgreiningum á aðalstarfi félagsins. Allmargir félagsmenn Kærleikssamtakanna hafa átt við áfengis- eða fíknivanda að stríða og eru vanir að vinna hvað mest út frá AA hugmyndafræði og hefur verið töluvert um að gerð hefur verið krafa á Kærleikssamtökin að þau eigi að vera með slíkt starf á sínum starfsstöðvum. Var þetta einnig til staðar er samtökin ráku áfangahemilið 2020 og þegar reglulegir félagsfundir voru teknir upp árið 2022 eftir að félagið varð almannaheillafélag, þá varð enn meiri þrýstingur á þetta atriði.

Í eldri lögum félagsins stóð í 2.gr. „*Tilgangur og markmið félagsins er að gæta hagsmuna og reka félagsstarf fyrir einstaklinga sem eru félagslega einangraðir, búa við fátækt, eru heimilislausir og eiga langtíma óreglu- og/eða áfallasögu, með áherslu á jaðarsetta og viðkvæma hópa í þjóðfélaginu.*“

Áherslan hefur alltaf verið á **að rjúfa félagslega einangrun** vegna ákveðinna þátta, þ.e. vegna fátæktar, heimilisleysis, óreglu og áfalla, einstaklinga sem eru skilgreindir í þjóðfélaginu sem jaðarsettir. Flestir þeirra sem sótti félagsfundina eftir að félagið varð almannaheillafélag, höfðu verið á áfangaheimilinu 2020, voru komnir á betri stað, höfðu farið í meðferð, voru edrú og sumir sóttu sína AA fundi og sumir unnu í sér skv. 12 spora kerfinu.

Samt sem áður voru þessir einstaklingar með í að móta dagskrá, skilyrði um þátttöku og uppsetningu þessara félagsfunda hjá Kærleikssamtökunum – þar sem öll áhersla var á **að rjúfa félagslega einangrun**. Þar með átti að vera alveg skýrt að Kærleikssamtökin eru ekki með úrræði fyrir fíkla, þ.e. meðferð eða 12 spora vinnu, heldur leggja þau áherslu á að einstaklingar sem eru félagslega einangraðir nái að komast út úr þeirri stöðu, hvort sem hann er vegna fátæktar, heimilisleysis, óreglu eða áfalla.

Þessar kröfur, sem urðu að ágreiningi og neikvæðni nokkurra aðila innan félagsins, varð til þess að dregið var úr félagsfundum því ekki var að hægt að halda þá eins og ákveðið hafði verið og samkomulag var um. Síðan var tekið á þessum ágreiningi og neikvæðni um sumarið 2023 í nokkrum skrefum. Formaður leitaði til Dale Carnegie til að fá aðstoð við að taka á þessum ágreiningi. Kynning var útbúin með þeirra aðstoð þar sem lagðar voru út tillögur til að ræða málin og ákveðið að byrja á stjórnaraðilum samtakanna. Þegar neikvæðni er orðin mikil þá getur verið erfitt að nálgast þann sem er ósáttur og því fór kynningin illa í þá einstaklinga. Ákvað formaður í framhaldi að leggja áherslu á að vinna með einum þeirra og bíða með aðra. Gekk það vel og var hægt að skilgreina betur þá mismundandi túlkun og/eða skilning á starfi félagsins er snýr að fíklum.

Var því tekin ákvörðun um að gera breytingar á orðalagi laganna svo alveg skýrt væri að félagið er ekki með ákveðin úrræði fyrir fíkla – nema er snúa að því **að rjúfa félagslega einangrun**. Var orðalaginu í 2.gr. breytt í „*Tilgangur og markmið félagsins er að gæta hagsmuna og reka félagsstarf fyrir einstaklinga sem eru félagslega einangraðir, vegna fátæktar, heimilisleysis og áfalla með áherslu á jaðarsetta og viðkvæma hópa í þjóðfélaginu.*“ Orðið „óregla“ var tekið út.

Til að skýra nánar hvernig félagsleg einangrun fíkla sem eru edrú er rofin, þá er virkni- og stuðningsúrræði Kærleikssamtakanna til þess fallið að aðstoða einstaklinga að virkjast í daglegu lífi, byggja upp daglega rúttínu, huga að svefni, heilsu, hreyfingu, mataræði, að byggja upp félagslegar tengingar, finna og sinna áhugamálum og nauðsynlegum þáttum, s.s. fjár- og húsnæðismálum,

umsóknum, sækja sér nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og ekki síst að vinna úr áföllum sínum hjá réttum fagaðilum. Einstaklingsbundið er hvort óvirkum fíklum henti AA fundir og 12 spora kerfið og hvort sem það gerir það eða ekki, þá geta þeir samt sem áður nýtt sér virkni- og stuðningsúrræði Kærleikssamtakanna.

Í leiðinni var ákveðið að draga úr umfangi starfseminnar að svo stöddu með því að færa liðinn „*Með samstarfssamningum er stuðlað að samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki og félög, stofnanir og stjórnmalaflokka sem vinna að uppbyggjandi úrræðum.*“, undir markmið í 2.gr. og setja undir 5. gr., þar sem hann er ekki bundin við markmið félagsins heldur möguleika. Einnig var ákveðið að taka liðinn „*Standa vörð um réttindi og hagsmuni félagsmanna. Ýta undir lausnir og þrýsta á sveitarfélög og ríkið til að virða mannréttindalög gagnvart jaðarsettum og viðkvæmum hópum í þjóðfélaginu og tryggja þeim lífsnauðsynleg lífsgæði.*“, undir markmið í 2.gr. alveg út til þess að við getum snúið okkur betur að hagsmunum félagsmanna og rekstri félagsstarfsins.

Ákveðið var að taka út endurskoðandann sem hafði verið kosin ári áður til þess að fara yfir ársreikninga félagsins og hafa frekar skoðunarmann. Ástæðan var að sá aðili sem fór yfir útbúna ársreikninga frá bókhaldara á bókhaldsstofunni sem félagið hafði leitað til, er skoðunarmaður og því einfaldara að vera með allt á einum stað.

Ákveðið var að taka út stöðu trúnaðar- og varatrúnaðarmanns hjá félaginu þar sem þeir aðilar sem gegndu þeim hlutverkum sáu sér ekki fært að sinna þeim lengur. Við það datt 9.gr. félagsins út, en ákveðið var að halda skilgreiningu á trúnaðarmannastörfum inni í lögum félagsins undir „*12.gr. Annað*“, ef þessi störf yrðu tekin upp aftur í framtíðinni.

Einnig var ákveðið að skerpa á skilgreiningu „*5.gr. Félagsaðild*“ í samræmi við að skerpa á tilfangi og markmiðum félagsins. Var orðalagið í a) lið „*Einstaklingar sem eru félagslega einangraðir, sem búa við fátækt, sem eru heimilislausir eða búa á áfangaheimilum, sem eiga langtíma óreglu- og/eða áfallasögu.*“, breitt í eftirfarandi:

- a) Einstaklingar sem eru með áfallasögu vegna eftirfarandi þátta:
- fátækt,
 - heimilisleysi,
 - búa í bíl eða inn á öðrum,
 - óreglu,
 - langtíma dvöl á áfangaheimilum,
 - fangelsi,
 - geðrænt ójafnvægi,
 - ná ekki fótfestu í lífinu og eru þannig félagslega einangraðir.

Aðilar nýta sér virkni- og stuðningsúrræði félagsins og taka þátt í félagsstarfinu eftir fremsta megni með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.

Til að skýra tilgang og markmið þessarar breytingar, þá snýst hún um að það sé skýrt að samtökin einblína á **að rjúfa félagslega einangrun**, en að óregla geti verið einn vandi sem einstaklingar glíma við og að hann er til jafns við aðra þætti sem eru nú upptaldir í lögum félagsins.

Annað orðalag hér og þar var einnig uppfært til hins betra við þetta tækifæri en sem er óþarfi að skýra hér nánar.

STARFSEMIN YFIR ÁRIÐ

Eins og komið var inn á í innganginum þá dróst starfsemin saman miðað við fimm árin á undan. Búið var að haida vikulega félagsfundi hálf t árið 2022 sem var mjög mikilvægt skref og liður í að félagsmenn hefðu aðgang að úrræði, þrátt fyrir að félagsheimilið væri ekki komið af stað. Því miður smitaðist neikvætt tal eins félagsmanns út frá sér, sem fór að gera vart við sig árið 2023 svo nokkrir einstaklingar vildu draga sig í hlé og misstu trú á því sem til stóð að byggja upp. Þeir voru þátttakendur, sinntu einhverjum verkefnum en voru ósáttir. Félagsfundirnir voru ekki eins margir og þeir breyttust því viðhorf fólks hafði breyst – ekki allra en sumra.

Ólíkar skoðanir voru um hvern væri rétt að hafa samband við og fá í lið með félaginu. Formaður tók af skarið og hafði samband við heimilislausa einstaklinga því það hafði myndast samstöðuhópur meðal þeirra sem hafði um skeið komið mikið fram í fjölmiðlum til að vekja athygli á stöðu heimilislausra einstaklinga. Ágreiningurinn hjá okkur snérist m.a. um að þeir væru í neyslu margir hverjir og því ekki æskilegt að vera í samstarfi við þá. Formaður fannst það ekki rétt, sérstaklega þar sem til stóð að safna fyrir og opna dagsetur fyrir þann hóp einstaklinga og að sá staður yrði rekin sem félagsheimili, með félagsfundum þar sem einstaklingar geta lagt fram hugmyndir, tillögur og beiðnir, eru með atkvæðisrétt og geta þannig verið þátttakendur í að byggja staðinn upp. Er þetta eitt grundvallaratriði Kærleikssamtakanna um að ræða við þá sem eru jaðarsettir, gefa þeim rödd og tryggja að þeir hafi eitthvað um sín mál að segja. Þó svo að grunnþættir þessa félagsheimilis (dagseturs) séu fyrirfram ákveðnir, s.s. virkni- og stuðningsúræði samtakanna og þættir sem snúa að lögum um almannaheillafélög – þá er nauðsynlegt að félagsmenn sem sækja félagsheimili samtakanna geti verði þátttakendur í uppbyggingu staðarins.

Frá janúar var verið að undirbús sjónvarpsþátt á stöðinni Hringbraut með Sigmundi Erni Rúnarsyni fyrir Kærleikssamtökin. Var einstaklingi úr samstöðuhópnum boðið að koma þar fram með formanni Kærleikssamtakanna þar sem við vorum sammála um svo marga þætti. Stuttu áður en til stóð að senda þáttinn fór svo að Hringbraut lokaði starfsemi sinni út svo ekkert varð af honum.

Formaður hafði samband við nokkur félagsamtök til að ræða um mögulega aðkomu þeirra á dagsetrinu, t.d. hvort Bergið Headspace sæi sért færð að vera með vikulega fundi til að nálgast heimilislausu einstaklinga undir 25 ára aldri, einnig var rætt við Matthildi samtök um skaðaminnkun, Lýðheilsusetrið Ljósbrott auk þess var haft samband við fimm einstaklinga en við Ragnar funduðum með fjórum þeirra, annars vegar um aðkomu sem samstarfsaðilar á félagsheimilinu eða vegna aðkomu og/eða þátttöku á söfnunartónleika sem til stóð að halda í nóvember. Annað hvort var fólk of önnum kafið en sumir vildu taka þátt. Erfiðlega gekk þó að halda þessu verkefni til streitu svo ekki varð úr styrktartónleikunum um haustið. Ragnar Erling var fullur áhuga á að starfa með Kærleikssamtökunum, sem því miður dró úr með sumrinu, út af atriði sem hann gat ekki sætt sig við. Það var að samtökin starfi í þágu íslenskumælandi íslenskra ríkisborgara. Auðvitað eru erlendir ríkisborgarar einnig heimilislausir á Íslandi – en það hefur ávallt verið skýrt hjá okkur að við störfum eingöngu á einu tungumáli, sem er íslenska. Það að vera með þetta starf fyrir erlenda einstaklinga kallar á margfalt meiri vinnu, sem við einfaldlega ráðum ekki við. Að auki þá er mikil starfsemi í gangi og í raun mun meiri starfsemi í gangi fyrir erlenda einstaklinga, bæði hjá félagsamtökum, velferðarkerfinu og í gegnum Útlendingastofnun. Við einfaldlega ætlum að einblína á íslenska ríkisborgara og sem þurfa þá að skilja og tala íslensku. Inn í þann hóp falla erlendir einstaklingar sem hafa íslenska kennitölu, hafa búið hér í einhver ár og lært íslensku. En út af þessu atriði slitnaði upp úr mögulegu samstarfi eða aðkomu Ragnars og sem formaður telur mjög miður.

Formaður fór á vinnustofuna *Listin að selja breytingar* hjá Dale Carnegie um sumarið og leitaði í kjölfarið til þeirra með aðstoð til að ræða leiðir til að þjappa stjórninni betur saman. Úr varð kynning sem formaður lagði fram fyrir stjórnarmeðlimi með tillögu um að bæta samstöðu, jákvæðni og drifkraft meðal stjórnar- og trúnaðarmanna, með það markmið að hvert okkur nái meiri persónulegum bata, samhliða að koma starfi samtakanna meira og betur á framfæri og auka líkurnar á að markmiðum þeirra verði náð. Tilgangur og markmið félagsins, þá eldri útgáfa, var dregið fram, öllum var hrósað fyrir sitt framlag til félagsins og minnt á að búið er að ná miklum árangri hingað til. Þá var fjallað um meginatriði, mögulegar lausnir með kostum og göllum, lausnina sem formaður taldi besta og gögn til stuðnings. Lagt var út hvernig Dale Carnegie var tilbúin að aðstoða okkur með, sem styrkur til félagsins, sem var vinnustofa með stjórnarmeðlimum til að fara yfir og kenna leiðir með það markmið að bæta samstöðu, jákvæðni og drifkraft meðal stjórnar- og trúnaðarmanna. Að auki bauð Dale Carnegie formanni að koma á leiðtoganámskeið þeirra með haustinu.

Eins og áður segir lagðist kynningin ekki vel í þá sem voru orðnir neikvæðir svo vinnustofan býður betri tíma með öðrum hóp. Ákvað formaður í framhaldi að leggja áherslu á að vinna með einum þeirra og bíða með aðra. Gekk það vel og var hægt að skilgreina betur þá mismundandi túlkun og/eða skilning á starfi félagsins er snýr að fíklum. Út frá því lagði formaður til að tekin ákvörðun um að gera breytingar á orðalagi laganna til þess að afgangur skýrt væri að félagið er ekki með ákveðin úrræði fyrir fíkla – nema er snúa að því að rjúfa félagslega einangrun með virkni- og stuðningsúrræði samtakanna og er eins og fyrir aðra félagslega einangraða hópa. Þegar auka-aðalfundurinn hafði verið haldin í október og breytingarnar allar samþykktar var farið í að ræða við aðra tvo meðlimi. Var þeim gefin kostur á að hitta stjórnarmeðlim og ræða þessi mál sem höfðu kallað fram neikvæðni hjá þeim því það gæti ekki verði hluti af félagsstarfinu. Var þeim gefin einn mánuður til þess og ef málin yrðu ekki rædd tæki stjórnin í kjölfarið afstöðu um hvað skyldi gera. Því miður ákváðu þeir að slíta félagsaðild sinni og segja sig úr félaginu án þess að ræða málin og reyna að laga þau. Formaður fór á leiðtoganámskeiðið um haustið en lauk því þó ekki fyrr en um vorið 2024 þar sem veikindi komu upp í kringum útskriftartímann.

Eitt mál, þ.e. aðstoð/stuðningur til félagsmanns tók enda af hálfu samtakanna, því viðkomandi fannst hann ekki fá nægilega mikla þjónustu fyrir félagsgjaldið. Tekið er fram að félagsgjaldið dekkar ekki neina þjónustu fyrir félagsmenn þar sem samtökin eru ekki þjónustuaðili, heldur veitir aðgang að félagsfundum og atkvæðisrétt.

Auk þessa var hjálpast að við að aðstoða og styðja nokkra félagsmenn með persónuleg mál, sumt sem teygði sig út fyrir starf samtakanna þar sem engin annar var til staðar til að veita stuðning. Unnið var að samskiptareglum til að hafa skýr mörk um hvað er raunhæft að biðja um sem stuðning og hvar stuðningsmenn þurfa að temja sér að segja nei við óraunhæfum beiðnum.

Styrktarvaran, pennarnir með lógói samtakanna, fóru ekki í sölu fyrir jólin. Reynt var að koma því við en flestir voru þreyttir eftir árið. Þá vilja Kærleikssamtökin sérstaklega þakka dyggum stuðningsaðila fyrir sitt framlag frá haustinu 2022.

REKSTRARYFIRLIT

Kærleikssamtökin leggja hér fram lykiltölur úr ársreikningum fyrir árið 2023 með skýringum fyrir neðan.

Minnt er á að allt starf félagsins, eins og fjallað er um í skýrslu félagsins 2022, hefur byggst mest á samstarfi við einstaklinga í formi sjálfsstyrkingar, verkefnamöppu, viðtölum, bréfaskriftum, aðstoð við daglegar athafnir og leitast hefur verði eftir samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnarálflokka. Allt starf hefur verið unnið í sjálfboðavinnu. Formaður félagsins hefur lagt út fyrir nauðsynlegum kostnaði, sem hefur verði skráð sem lán og er þannig skuld við formann. Verið er að vinna í því að koma samtökunum betur á framfæri.

Þá skiptir máli að geta litið á sýn félagsins út frá mannréttindakerfi og heildarlausnum þeirra – sem er að koma fram með samstarf byggt á nýrri hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu og vera leiðandi í samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka með það markmið að fjármagn til félagasamtaka verði sjálfkrafa í meira samræmi við framlag og starfshlutföll þeirra. Það að félög sinni starfi árum saman í sjálfboðavinnu, sem m.a. hið opinbera á að sinna lögum skv. og allt gert til að greiða ekki krónu og hindra starf þeirra með ýmsu móti – getur ekki talist í lagi. Félög með skýra stefnu og sem starfa í þágu almennings eiga sjálfkrafa að fá fjármagn, alveg eins og t.d. stjórnarálflokka gera.

Lykiltölur úr ársreikningum		
	2023	2022
Tekjur:		
Félagsgjöld	145	75
Styrkir	950	675
Aðrar tekjur	0	28
Gjöld:		
Vörunotkun	192	0
Skrifstofukostnaður	438	310
Annar rekstrarkostnaður	198	431
Niðurfærslna krafna	0	2.966
Fjármagnstekjur- og gjöld	13	(7)
Rekstrarafkoma:	279	(2.936)
Eignir:	662	375
Skuldir:	4.158	4.150
Eigið fé:	(3.497)	(3.775)
<i>Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna</i>		

Skýringar:

Aðrar tekjur eru sala bóka sem félagið fær allan ágóða af og dósasöfnun.

Vörunotkun eru kaup á styrktarvöru, þetta ár pennar með lógó samtakanna.

Skrifstofukostnaður eru ritföng ásamt hugbúnaðarleyfum og tölvukerfi.

Annar rekstrarkostnaður er eldsneyti, styrkir og gjafir, aðkeypt þjónusta v/ söfnunar, ýmis kostnaður (v/ funda), gjaldfærð áhöld (keyptir hlutir fyrir félagið) og bankakostnaður.

Niðurfærslna krafna eru kröfur fyrir þjónustu gagnvart einum aðila frá árinu 2020. Í ljósi þess að óvissa ríkir um innheimtu þeirra eru þær niðurfærðar í rekstrargjöldum á árinu 2022 og standa því á 0 árið 2023.

Skuldir eru við þrjá aðila; lán formanns til félagsins og lán frá einum aðila frá árinu 2020 greiddast niður þegar færi gefst, þá eingöngu af öðrum tekjum en beinum styrkjum, þar sem gert er ráð fyrir þeim í fyrirfram ákveðin verkefni. Hvorug skuldin safnar vöxtum eða er til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Þá eru útgefdir viðskiptareikningar í desember 2023 fyrir þjónustu sem félagið kaupir en sem greiddast í janúar 2024.

Samtökin eiga ýmsa lausahluti sem er í geymslu sem stendur. Flest allt eru gjafir til samtakanna og eru m.a. notaðir til að styðja við félagsmenn. Er því um að ræða hluti sem koma og fara án endurgjalds og er ekki sérstaklega haldið utan um þá.

Kærleikssamtökin hafa hingað til ekki haft starfsmann á launaskrá og hefur allt starf verið unnið í sjálfboðavinnu. Ársverk (starfsgildi) árið 2023 voru u.þ.b. 3 hjá formanni, stjórnarmönnum, trúnaðarmanni og þremur félagsmönnum.

FJÁRÖFLUN OG STYRKIR

Félagsgjöld, styrkir félagsmanna og sala á styrktarvöru eru notaðir í daglegan rekstur skrifstofu og til að byggja upp félagsheimilið með starfsstöðvum.

Allt sem safnast í sérstöku söfnunarátaki fyrir dagsetur fer inn á sér reikning og er eingöngu notað í það verkefni.

Vissulega hefur umfang rekstrarstarfs félagsins í tölum verið lítið. Eins og fram kem í skýrslu stjórnar 2022 hefur starf samtakanna að mestu farið fram út á götu með einstaklingum. Aðrar ástæður er skortur á vinnuafl til að byggja starfsemina upp og fjárskortur.

Breytingar til góðs hafa orðið með skráningu félagsins sem almannaheillafélag en tími og vinna mun fara í að koma samtökunum betur á framfæri, að afla styrkja og auka við vinnuafl til að útfæra verkefni. Heldur sú vinna áfram árið 2024 til að hægt verði að opna dagsetur og félagsheimili.

FRAMTÍDARSÝN - ÞREPASKIPT ÁFANGAHEIMILI

Eins og fram hefur kemur er verið að undirbúa opnun dagseturs og félagsheimilis með starfsstöðvum. Dagsetrið er ætlað heimilislausum karlmönnum í neyslu. Þar er ráðgert að bjóða upp á kaldan/heitan mat, þvottaaðstöðu, sturtur, geymslupláss og auk þess aðstoða einstaklinga til að ná utan um sín mál, fara yfir stöðu hvers og eins og styðja viðkomandi til að taka raunhæf skref í átt að bata.

Félagsheimili með starfsstöðvum er ætlað einstaklingum sem eru félagslega einangraðir, v/ fátæktar, eru t.d. öryrkjar, á félagsbótum, sem eru heimilislausir, td. búa á áfangaheimilum eða á sófanum hjá vinum/ættingjum eða eru í sjálfstæðri búsetu, einstaklingum með áfalla- og/eða fíknisögu og eru edrú.

Aðaláherslan er félagsleg einangrun og að vilja rjúfa hana og komast út úr henni með virkni og stuðningi. Að vilja t.d. hafa eitthvað fyrir stafni yfir daginn, vilja vera í félagsskap sem skilur þig og er að takast á við svipað og þú, vilja ná að stíga fleiri skref en að vera edrú, einnig að vilja læra að horfa heildrænt á stöðu sína og fá aðstoð til að tækla daglegt líf og samskipti við sjálfa/-n sig og aðra.

Félagsheimilið verður vettvangur til að skapa tækifæri að uppbyggjandi og langtíma lausnum, fyrirlestrum, námskeiðum og vinnustofum fyrir félagsmenn.

Áfangaheimili yrðu næstu skref. Allt of margir einstaklingar hafa ekki fastan eða viðunandi samastað. Allt of margir einstaklingar fara í meðferð eftir meðferð og annað hvort bíður þeirra gatan, sófi út í bæ eða heimili þar sem þeir eru félagslega einangraðir. Allt of margir ná ekki fótfestu þrátt fyrir langtíma endurhæfingu vegna geðræns- og líkamlegs ójafnvægis, meðferð við áfengis- og/eða fíknivanda og allt of margir hafa ekkert að gera á daginn.

Þrepaskipt áfangaheimili Kærleikssamtakanna tákna að einstaklingur getur farið í gegnum þrepaskipta áfanga hjá sama aðila og þá samhliða öðrum meðferðum og úrræðum sem þörf er á. Þessir þrepaskiptu áfangar byggja á samstarfi við einstaklinga sem gera þeim kleift að vera meira með í ákvarðanatökum um sjálfa/-n sig frá byrjun til enda. Einnig að ýtt sé undir meiri stuðning með samstarfi við 3ja aðila sem einnig koma að einstaklingnum.

NIÐURLAG

Athyglisvert hefur verið að sjá hvernig aðilar í borgarstjórn Reykjavíkur ásamt félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti hafa tekið upp orðalag Kærleikssamtakanna, t.d. „ný hugsun, breiðari nálgun, heildstæð nálgun, samstarf og samvinna“. Minnst er á að þessi yfirvöld skilgreina jaðarsetta hópa í þjóðfélaginu sem einstaklinga með fjölþættan vanda. Eftirfarandi skjáskot eru tekin af vef ráðuneytanna en borgarstjórn kemur að samningum um nýtt örorkukerfi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sagði í framsöguræðu sinni að breytinganar mörkuðu tímamót.

„Þær fela í sér nýja hugsun, breiðari nálgun, og mestu umbyltingu á örorkulífeyriskerfinu frá upphafi.

Þá benti hann á að leiðarljósið væri skýrt:

„Að stuðla að bættum kjörum, aukinn virkni og meira öryggi og vellíðan fólks.“

Heildstæð nálgun, samvinna kerfa og samfella í þjónustu verða leiðarstefin í endurhæfingu fólks samkvæmt viljayfirlýsingu sem hefur verið undirrituð. Einstaklingum í endurhæfingu skal markvisst fylgt á milli þjónustukerfa þurfi þeir á þjónustu fleiri en eins kerfis að halda og skýrt verður hvernig ábyrgð á þjónustunni færist á milli kerfa.

Samvinna þjónustukerfa og samhæfingarteymi:

Lagt er til að þau þjónustukerfi sem veita endurhæfingarþjónustu skuli eiga með sér samstarf og *samvinnu* um endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis eða þurfa að fara á milli kerfa. Þetta á ekki síst við um þau sem eru með fjölpættan vanda. Komið skal á *samhæfingarteymum* sem hafa yfirsýn yfir mál einstaklinga með flóknar þjónustuþarfir. Teymin leggja til þá þjónustu sem gæti gagnast viðkomandi og skýrt er hvar ábyrgðin liggur.

- Með markvissri samvinnu þjónustukerfa er stuðlað að heildstæðri nálgun og samfellu í endurhæfingu fólks þannig að það fær frekar rétta þjónustu á réttum tíma. Einstaklingurinn er leiddur á milli þjónustukerfa og skýrt er hvar ábyrgðin liggur.

Stjórn Kærleikssamtakanna hitti allmarga í borgarstjórn árin 2018-19 til að ræða málefni heimilislausra og lögðu fram ýmis gögn um hvernig þau vildu koma að og vinna í samstarfi við önnur félagasamtök og stjórn málaflokka. Þau lögðu út sína sýn á þennan málaflokk með orðunum **ný hugsjón, ný nálgun og ný útfærsla**.

Í fyrstu skýrslu stjórnar frá 2022 er ítarlega farið yfir starf Kærleikssamtakanna frá upphafi sem er einnig að finna á vefsíðu félagsins. Er þar einnig *fjallað nálgun og aðferð* sem samtökin nota, *virgni- og stuðningsúrræði* þeirra, *mannréttindakerfi og heildarlausnir samtakanna* og *mikilvægi vitundarvakningar* sem snýr að lausnum er tengjast áfallasögu fólks sem leitt hefur til frekari ójafnvægis á lífsleiðinni eða þegar fyrirsjáanlegt er að svo verði.

Vísað er á vefsíðu Kærleikssamtakanna til frekari lesningar um starf þeirra.

Með þökk,
Stjórn Kærleikssamtakanna

Kærleikssamtökin
Ársreikningur 2023

Kærleikssamtökin
Engihjalla 25
200 Kópavogur

Kt. 561215-1030

Efnisyfirlit

Áritun.....	Bls.	2
Skýrsla stjórnar.....	-	3
Rekstrarreikningur.....	-	4
Efnahagsreikningur.....	-	5
Skýringar.....	-	6
Sundurliðandir.....	-	7

Áritun

Til stjórnar Kærleikssamtakanna

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreikning **Kærleikssamtakanna** fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn samtakanna er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. maí 2024

Skattur & bókhald


Arni Þór Hlynsson

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar **Kærlíkssamtakanna** koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2023.

Samtökin eru með aðsetur í Kópavogi og vinna að mannúðarmálum. Engin starfsmaður er á launaskrá hjá samtökunum.

Jákvæð afkoma varð af rekstri samtakanna á árinu 2023 að fjárhæð kr. 278.637. Uppsöfnuð afkoma í lok árs var neikvæð um kr. 3.496.830. Að öðru leyti vísar stjórn samtakanna í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Reykjavík, 7. maí 2024

Í stjórn

Sigurlaug S. Jónsdóttir
Soffía Sigurðardóttir

Sigurlaug Waage Guðmundsdóttir
Ólafur Feldskál

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld.....		145.000	75.000
Styrkir.....		949.518	675.614
Aðrar tekjur.....		0	27.935
		<u>1.094.518</u>	<u>778.549</u>
Rekstrargjöld	3		
Vörunotkun.....		192.473	0
Skrifstofukostnaður.....		437.977	310.350
Annar rekstrarkostnaður.....		198.156	430.810
Niðurfærsla krafna.....		0	2.966.500
		<u>828.606</u>	<u>3.707.660</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		265.912	(2.929.111)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....		<u>12.725</u>	<u>(6.662)</u>
Afkoma ársins.....		<u>278.637</u>	<u>(2.935.773)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankareikningur.....	661.644	374.670
Veltufjármunir	<u>661.644</u>	<u>374.670</u>
Eignir samtals	<u>661.644</u>	<u>374.670</u>
Eigið fé	2	
Uppsöfnuð afkoma.....	(3.775.467)	(839.694)
Afkoma ársins.....	278.637	(2.935.773)
Eigið fé	<u>(3.496.830)</u>	<u>(3.775.467)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuldir við tengda aðila.....	1.401.726	1.401.726
Viðskiptaskuldir.....	31.748	23.411
Ýmsar skammtímaskuldir.....	2.725.000	2.725.000
Skammtímaskuldir	<u>4.158.474</u>	<u>4.150.137</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>661.644</u>	<u>374.670</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur *Kærleikssamtakanna* er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Sjóður og óbundnar bankainnistæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi.

Eigið fé

2. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Uppsöfnuð afkoma
Yfirfært frá fyrra ári.....	(3.775.467)
Afkoma ársins.....	278.637
	<u>(3.496.830)</u>

Önnur mál

3. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

Sundurliðanir

	2023	2022
Vörunotkun		
Styrktar vörur.....	192.473	0
	<u>192.473</u>	<u>0</u>
Skrifstofukostnaður		
Ritföng, pappír og prentun.....	74.376	25.956
Rekstur tölvubúnaðar.....	363.601	284.394
	<u>437.977</u>	<u>310.350</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Rekstur bifreiða.....	55.504	61.274
Bókhaldskostnaður.....	0	174.894
Styrkir og gjafir.....	50.000	
Aðkeypt þjónusta.....	45.070	173.950
Ýmis kostnaður.....	3.370	5.011
Gjaldfærð áhöld.....	36.094	0
Bankakostnaður.....	8.118	15.681
	<u>198.156</u>	<u>430.810</u>